

Íslensk matorka ehf.
Fiskeldisstöðin í Fellsmúla

Áætlun vegna stöðvun rekstrar

Fiskeldisstöðin í Fellsmúla hefur verið starfrækt frá árinu 1985. Hún er staðsett á leigulóð í eigu íslenska ríkisins og er leigusamningur til 50 ára með möguleika á framlengingu um önnur 50 ár. Stöðin er með eigin vatnsöflun og eru nægir vatnsstraumar í jörðu fyrir þá starfsemi sem þar er.

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega eru eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

1. Lífrænn úrgangur.

Komi til stöðvunar á rekstri verður söluhæfum fiski/seiðum komið í sölu á markaði en þeim lífræna úrgangi sem ekki tekst að selja verður fargað á viðurkenndum förgunarstað. Tryggt verður að enginn lífrænn úrgangur verði eftir í kerjum eða annarsstaðar á svæðinu. Hreinsað skal upp úr niðurföllum, úr setþró og ílátum/kerjum öllum lífrænum úrgangi.

2. Húsnæði.

Komi til stöðvunar á rekstri verður gengið svo frá húsnæði að ekki sé hætt á að dýr eða óviðkomandi aðilar hafi aðgang að því, húsinu skal lokað vel og vandlega. Gengið verður svo frá vatni og ræsum að ekki sé hætt á mengun. Gengið svo frá rafmagni að ekki sé hætt á íkveikju.

3. Tæki, borholur og búnaður.

Komi til stöðvunar á rekstri verður gengið svo frá tækjum og búnaði að ekki sé fohætta af þeim né þau valdi umhverfislýti. Gengið svo frá borholum að ekki sé hætt á að eitthvað falli ofan í þær sem gæti valdið mengun.

Allar vatnslagnir verða tæmdar svo ekki komi til frostsKemmda og/eða vatnsleka.

4. Efni og rekstrarvörur.

Öllum efnum, hreinsiefnum, olíu eða hvað eina sem telst til efna og rekstravara verður fjarlæggt af staðnum ýmist skilað eða selt til notkunar annarsstaðar eða fargað á viðurkenndum förgunarstað. Tryggt verður að engin úrgangsolía verði á staðnum.

5. Fóður

Komi til rekstrarstöðvunar verður öllu fóðri í heilum pokum komið í sölu og því fóðri sem er í opnum pokum eða í fóðrurum er fargað á viðurkenndum förgunarstað. Þess gætt að ekki séu fóðurleyfar í fóðrunum.

6. Tilkynningar.

Komi til stöðvunar á rekstri verður hlutaðeigandi eftirlitsaðila tilkynnt um það innan mánaðar. Í slíkri tilkynningu verður sérstaklega tilkynnt um magn og förgun á lífrænum úrgangi.

Varðandi viðbragðs- og neyðaráætlun á förgun lífrænna efna eða megnangi efna er að öðru leiti vísað til gæðahandbókar sem er í gildi á hverjum tíma.